

Fundargerð

8. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 19. mars 2007 kl. 14-17

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Snorri Baldursson.

Varamenn: Þorsteinn Tómasson, Eik Elfarsdóttir, Magnús Á. Ágústsson, Sigurður H. Magnússon, Þorvaldur Kristjánsson.

Fjarverandi varamenn: Þróstur Eysteinnsson, Jón Hallsteinn Hallsson.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 7. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Þetta var fyrsti fundur nýskipaðrar erfðanefndar og voru bæði aðalmenn og varamenn boðaðir á fundinn. Formaður gerði grein fyrir framgangi mála og lagði fram yfirlit þar um. Nokkur mál hafa verið afgreidd milli funda. Þar má nefna styrk til Geitfjárræktarfélags Íslands vegna sæðinga á geitum (140 þús.), ráðstöfun eftirstöðva af styrk til útgáfu bæklinga um búfé til að greiða fyrir ljósmyndir á veggspjald um hrossaliti (100 þús.) og greiðsla ferðakostnaðar vegna þátttöku fulltrúa frá nefndinni í fundi um skipulag erfðaaudlindastarfs á norrænum vettvangi. Auk þess var gengið frá greiðslu stofnverndarframlags til geitfjárræktar á sama hátt og undanfarin ár (1400 þús.). Erfðanefnd tók virkan þátt í Fræðabingi landbúnaðarins og stóð fyrir málstofu með 11 erindum, m.a. um rannsóknir sem nefndin hefur styrkt. Lögð var fram stutt skýrsla um störf nefndarinnar 2006 sem verður send landbúnaðarráðuneyti.

4. Fjármál

Lagt var fram uppgjör fyrir fjármál ársins 2006 og áætlun fyrir 2007. Lokaskýrslur hafa borist um fjögur verkefni sem voru styrkt 2005 og hefur verið gengið frá lokagreiðslum vegna þeirra. Fyrri hluta greiðslur hafa verið afgreiddar til verkefna sem styrkt voru 2006. Annar kostnaður 2006 eru stofnverndarframlag til geitfjárræktar og greiðsla til LbhÍ vegna vinnu Ríkharts Brynjólfssonar við gerð starfsáætlunar fyrir nefndina. Til ráðstöfunar í árslok 2006 voru kr. 5.576 þús. en þar af eru kr. 1.775 þús. þegar skuldbundnar vegna fyrri ákvarðana um notkun fjármuna (styrkir og vinna við starfsáætlun). Lögð voru fram drög að áætlun fyrir 2007 þar sem lagt er til að verið verði kr. 3.000 þús í nýja styrki á árinu og áætlað stofnverndarframlag vegna geita verði hækkað í kr. 1500 þús.

Tillaga að áætlun fyrir 2007 var samþykkt með fyrirvara um kostnað vegna vinnu við starfsáætlun erfðanefndar, sem ekki er lokið. Ákveðið var að auglýsa styrki erfðanefndar á sama hátt og undanfarin ár með umsóknarfrest til 1. maí.

5. Starfsáætlun erfðanefndar

Ríkharð Brynjólfsson fór yfir drög að starfsáætlun á glærum, þar sem lýst er stöðu tegunda og stofna plantna og dýra sem heyra undir starf nefndarinnar og þörf á aðgerðum. Nefndarmenn ræddu stöðu mála varðandi hinar ýmsu tegundir, möguleg verðmæti erfðaauðlinda og þær ógnir sem geta steðjað að þeim hérlendis. Í flestum tilfellum er ekki þörf á bráðaaðgerðum vegna verndunar miðað við óbreytt ástand en bregðast þarf við breyttum aðstæðum ef þær koma upp. Ríkharð mun vinna áfram að gerð áætlunarinnar og bent var á nauðsyn þess að tengja saman þessa vinnu og stefnumörkun umhverfisráðuneytis um erfðaauðlindir Íslands sem áætlað er að ljúka í nóvember 2007.

6. Umsagnir vegna umsókna um innflutning dýra.

Landbúnaðarráðuneytið hefur þ. 5. mars s.l. óskað eftir umsögn erfðanefndar landbúnaðarins í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990 um umsóknir frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík um heimild til innflutnings á 30 páfuglseggjum annars vegar og skriðdýrum hins vegar.

Erfðanefnd landbúnaðarins leggst ekki gegn þessum innflutningi, sé öðrum skilyrðum um innflutning framfylgt, enda ógni áætlaður innflutningur í engu erfðaauðlindum Íslands.

7. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaauðlindir í landbúnaði.

- a) Áslaug Helgadóttir sagði frá stöðu mála varðandi endurskipulagningu norræns samstarfs um erfðaauðlindir í landbúnaði. Unnið er að mótun tillagna sem áætlað er að leggja fyrir ráðherrafund í lok júní ef samstaða næst meðal aðildarlandanna.
- b) Emma Eyþórsdóttir sagði frá þátttöku sinni í norrænum vinnuhóp um lagaleg réttindi til erfðaauðlinda í búfé. Áætlað er að leggja fram álit hópsins á ráðstefnu FAO í september þar sem fjallað verður um stöðu mála varðandi erfðaauðlindir búfjár um víða veröld. Hún minnti einnig á norrænan fund um búsetulandslag sem haldinn verður í Svíþjóð í apríl á vegum norrænu genbankanna (NGB og NGH) þar sem allt að þrjú fulltrúar frá erfðanefndum Norðurlandanna verða styrktir til þátttöku. Ekki er útlit fyrir að neinn fulltrúi frá erfðanefnd landbúnaðarins sæki fundinn.
- c) Þorsteinn Tómasson greindi frá alþjóðasamningum um réttindi til notkunar erfðaauðlinda í plöntum, sem Ísland hefur ekki staðfest enn en nú er verið að undirbúa staðfestingu hans. Hann ræddi einnig fyrirhugaða ráðstefnu FAO í september og mögulega þátttöku frá Íslandi en formlegt boð þar um mun líklega berast til utanríkisráðuneytis.
- d) Snorri Baldursson mun taka þátt í fundi vísinda- og tækninefndar CBD sem verður í París í júlí 2007.

8. Önnur mál

- a) Guðni Guðbergsson vakti athygli á fréttum um innflutning skrautfiska sem sleppt er í tjarnir í gördum og geta átt greiða leið út í annað ferskvatn. Um er að ræða tegundir sem þrífast í köldu vatni. Engin lög eru í gildi sem takmarka innflutning fiska ef fullnægjandi heilbrigðisvottorð eru fyrir hendi. *Guðni mun undirbúa tillögu að ályktun nefndarinnar um þetta mál fyrir næsta fund.*

- b) Emma lagði fram styrkbeiðni til nefndarinnar vegna þátttöku í Evrópuverkefni um hugbúnað til skráningar á upplýsingum um búfjárstofna og erfðæfni í genbönkum. Þátttakendur fá til afnota nýjan hugbúnað sem auðveldar mjög skráningu og viðhald upplýsinga af þessu tagi sem og samskipti við alþjóðlega gagnagrunna. Leggja þarf til ferðakostnað vegna þátttöku í námskeiðum og er fyrri námskeið af tveimur áætlað nú í mars í Þýskalandi. Hallgrímur Sveinsson, starfsmaður BÍ mun sækja námskeiðið. *Samþykkt var að veita umbeðinn styrk að upphæð 160 þús.*
- c) Áslaug kynnti skýrslu frá Bretlandi um villta ættingja nytjaplantna.

9. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 7. maí kl. 13.